



9. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu, Þórshöfn mánudaginn 31. október 2016 kl 20:00

Mættir voru: Þorsteinn Vilberg Þórisson, Björn Guðmundur Björnsson, Vikar Már Vífilsson, Stefán Benjamínsson, David Potrykus og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Hugmyndahefti Skipulagsstofnunar Skipulag og ferðamál.

Hefti lagt fram til kynningar.

2. Skýrsla starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um auknar tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

3. Erindi frá sveitarstjórn – Nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga – ósk um umsögn.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra óskar umsagnar sveitarstjórnar Langanesbyggðar varðandi umsókn um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga. Sveitarstjórn óskaði umsagnar nefndarinnar.

Bókun: Atvinnu- og ferðamálanefnd samþykkir rekstrarleyfið fyrir sitt leiti en beinir því til sveitarstjórnar að mörkuð verði stefna hvað varðar skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna.

Samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá sveitarstjórn – Íslenska Gámafélagið –sorpurðun

Sveitarstjórn Langanesbyggðar óskar eftir áliti nefndarinnar á drögum að nýjum samningi sveitarfélagsins við Íslenska Gámafélagið um sorphirðu.

Bókun: Atvinnu- og ferðamálanefnd er fyrir sitt leiti sátt við framlögð samningsdrög, en leggur til að samningurinn verði til skemmri tíma en fram kemur í drögunum. Nefndin beinir því einnig til sveitarstjórnar að leitað verði allra leiða til að skapa atvinnu í heimabyggð.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 20:51